



Jafnréttisstofa

---

Skýrsla Jafnréttisstofu um  
nefndir, ráð og stjórnir á  
vegum ráðuneytanna árið  
2015

---

Febrúar 2017

---

## *Efnisyfirlit*

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>Hlutfall í nefndum:</b> .....	<b>4</b>
Tafla 1: Hlutfall í nefndum 2015.....	4
<b>Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu</b> .....	<b>5</b>
Tafla 2: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2015 .....	5
<b>Rýnt í nefndir starfsársins 2015:</b> .....	<b>6</b>
Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. á starfsári 2015 .....	6
Tafla 4: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2015 .....	7
<b>Rýnt í nefndir frá 2008-2015</b> .....	<b>8</b>
Tafla 5: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008 .....	8
Tafla 6: Skipanir á starfsári samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008.....	8
<b>Samanburður 2012-2015:</b> .....	<b>9</b>
<b>Niðurstöður:</b> .....	<b>11</b>

## *Inngangur*

Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 var fyrsti kynjakvótinn leiddur í lög á Íslandi. Í 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Þó svo að ákvæði um þátttöku beggja kynja í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið í lögum fyrir árið 2008 þá var svipað ákvæði í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum í einni eða annarri mynd frá árinu 1993 varðandi nefndir á vegum ríkisins.

Nú birtir Jafnréttisstofa skýrslu sína í fjórða sinn en áður hefur stofan tekið saman slíkar upplýsingar og hafa þær verið birtar í skýrslu félagsmálaráðherra (nú félags- og húsnæðismálaráðherra) um stöðu og þróun jafnréttismála sem komið hafa út fyrir jafnréttisþing og lagðar eru fram á Alþingi samhliða nýjum framkvæmdaáætlunum um jafnréttismál.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð frá jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Þegar Jafnréttisstofa hefur fengið gögnin afhent eru þau greind og meðaltal reiknað út og breytingar á milli ára skoðaðar. Eftir lagabreytinguna 2008 er hver nefnd fyrir sig skoðuð og eru ráðuneytin beðin um að gera grein fyrir ástæðum þess ef nefndir eru ekki skipaðar í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisstofa leggur svo mat á hvort undanþáguheimildin í 2. mgr., sbr. 3. mgr. 15. gr. eigi við auk þess sem athugað er hvort ráðuneytin fari eftir þeirri vinnureglu um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir sem ráð er gert fyrir í 15. gr.

## Hlutfall í nefndum:

Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2015 var hlutur kvenna 45% og hlutur karla 55%. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta og mikilvægt að skoða hvert ráðuneyti fyrir sig.

**Tafla 1: Hlutfall í nefndum 2015**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneyti	102	128	230	44%	56%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	225	311	536	42%	58%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	114	157	271	42%	58%
Innanríkisráðuneyti	183	265	448	41%	59%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	387	513	900	43%	57%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	137	165	302	45%	55%
Utanríkisráðuneyti	38	44	82	46%	54%
Velferðarráðuneyti	492	439	931	53%	47%
<b>Samtals</b>	<b>1677</b>	<b>2022</b>	<b>3699</b>	<b>45%</b>	<b>55%</b>

Árið 2015 er þriðja árið sem öll ráðuneytin ná 40% viðmiðunarmarkinu. Velferðarráðuneytið var með jafnasta þátttöku kynjanna í nefndum á sínum vegum og utanríkisráðuneytið þar á eftir. Í nefndum velferðarráðuneytis voru 492 konur og 439 karlar, eða 53% konur og 47% karlar en í nefndum utanríkisráðuneytis voru 38 konur og 44 karlar, eða 46% konur og 54% karla, en það er 1% stigi lengra frá 50% en velferðarráðuneytið. Eins og í fyrra er eingöngu eitt ráðuneyti með fleiri konur en karla í sínum nefndum en það var velferðarráðuneytið með 53% konur en 47% karlar. Í ár er það innanríkisráðuneytið sem er með lægsta hlutfall kvenna eða 41% en eins og áður segir er það innan við þau markmið sem löggjöfin setur.

Það er þó ekki nóg að líta til heildarfjöldna nefnda heldur verður einnig að skoða hvernig skipað var í nýjar nefndir, ráð og stjórnir. Ýmsar nefndir hafa verið óbreyttar um árbil og það er ekki fyrr en kemur að endurnýjun sem tekst að leiðrétta kynjahalla sé hann til staðar og uppfylla lagaskyldur 15. gr. Það er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega nýskipanir á hverju starfsári fyrir sig.

## Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu

Þegar litið er til skipana í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem tóku til starfa á starfsárinu 2015 verður myndin aðeins öðruvísi en þegar meðaltalið yfir allar starfandi nefndir er skoðað. Á heildina litið voru konur skipaðar í 45% nefndarsæta á starfsárinu en karlar 55%.

**Tafla 2: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2015**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneyti	15	20	35	43%	57%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	62	97	159	39%	61%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	56	60	116	48%	52%
Innanríkisráðuneyti	91	64	155	59%	41%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	117	216	333	35%	65%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	50	58	108	46%	54%
Utanríkisráðuneyti	0	0	0	0%	0%
Velferðarráðuneyti	96	92	188	51%	49%
Samtals	487	607	1094	45%	55%

Jafnasta kynjahlutfallið var hjá velferðarráðuneytinu þar sem konur eru 51% fulltrúa í nefndum og karlar 49%. Þar á eftir kemur fjármála- og efnahagsráðuneytið þar sem 48% nefndarmanna eru konur og 52% karlar. Innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti skipa bæði fleiri konur en karla í ár, eða 59% og 51%. Mestur er munurinn hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem eingöngu 35% nefndarmanna eru konur, sem er töluvert fyrir neðan viðmiðunarmark laganna. Eins er staðan ekki góð hjá atvinnuvega -og nýsköpunarráðuneyti en þar eru konur 39% nefndarmanna sem er fyrir neðan viðmiðunarmarkmið.

## Rýnt í nefndir starfsársins 2015:

Þegar búið var að fara yfir allar nefndir, ráð og stjórnir sem skipaðar voru á starfsárinu 2015 kom í ljós að 210 nýjar nefndir, ráð og stjórnir voru skipaðar á starfsárinu. Þegar kynjahlutfall allra nefnda var skoðað kom í ljós að 128 þeirra voru skipaðar í samræmi við 15. gr. laga eða 61% nefnda á vegum ráðuneytanna. Jafnréttisstofa kemur til með að skoða þær ástæður sem liggja á bak við hverja af þeim 82 nefndum sem ekki eru skipaðar í samræmi við 15. gr. Eins og fram hefur komið er undanþáguheimild í löggjöfinni og því verða nefndir sem ekki eru skipaðar í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 15. gr. að vera í samræmi við undanþáguákvæðið. Í ár hefur eitt ráðneyti náð að skipa allar sínar nefndir í samræmi við 15. gr. og var það forsætisráðuneytið.

**Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. á starfsári 2015**

Ráðuneyti	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneyti	3	0	3	100%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	17	14	31	55%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	12	5	17	71%
Innanríkisráðuneyti	22	6	28	75%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	34	44	78	44%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	12	9	21	57%
Utanríkisráðuneyti	0	0	0	-
Velferðarráðuneyti	28	4	32	88%
<b>Samtals</b>	<b>128</b>	<b>82</b>	<b>210</b>	<b>61%</b>

Hér skal tekið fram að velferðarráðuneytið skilaði gögnum sínum sundurliðuðum eftir ráðherrum en þar starfa nú tveir ráðherrar; heilbrigðisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra. Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði 19 nefndir, 18 í samræmi við 15. gr. og heilbrigðisráðherra skipaði 13 nefnir og 10 í samræmi við 15.gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sker sig úr en þar voru eingöngu 44% nefnda skipaðar í samræmi við 15.grein. Jafnréttisstofa hefur þegar verið í sambandi við ráðuneytið vegna þessa og í ljós kom að 38 af þessum 44 nefndum sem ekki eru skipaðar í samræmi við löggin eru starfsgreinaráð, sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. Skipað var í 47 slíkar nefndir á árinu og ljóst að aðeins 9 af þeim uppfylla umrætt ákvæði jafnréttis laga. Skýringin á þessari stöðu er því kynbundið náms- og starfsval þar sem margar af þeim stéttum sem um ræðir eru stéttir þar sem hallar verulega á annað kynið auk þess sem ákveðin lög, reglur og hefðir eru fyrir því hverjir taka sæti í nefndum sem þessum. Umræða hefur verið um hvernig hægt væri að breyta þessari skökku samsetningu nefndanna innan ráðuneytisins en niðurstaða var ekki komin í það mál áður en endurskipað var í nefndir að þessu sinni.

Á hverju ári óskar Jafnréttisstofa eftir því að ráðuneytin geri grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki þeirra skipana sem ekki eru í samræmi við 15. gr. samhliða því að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna skiluðu gögnum um nefndarskipan til Jafnréttisstofu. Óskað er eftir því að ráðuneytin skýri þær ástæður sem tilnefningaraðilar hafa gefið ef ekki voru tilnefnd bæði karl og kona. Þar sem ekki bárust svör frá öllum ráðuneytum mun Jafnréttisstofa ekki birta upplýsingar um það hvort nefndir teljist uppfylla undanþáguheimild 2. mgr. 15. gr. eigi við eða ekki. Ljóst er þó að betur þarf að gera því undanþáguheimildina á eingöngu að nota í undantekningartilfellum.

Það er áhugavert að sjá hvernig nefndarskipan ársins hefur áhrif á heildarstöðu nefndaskipana hjá ráðuneytunum. Á hverju ári starfa fjöldi nefnda í ráðuneytunum í lengri eða skemmri tíma. Í töflu 4 hafa verið tekin saman gögn um allar þær nefndir sem störfuðu á árinu óháð því hvenær þær voru skipaðar. Ekkert ráðuneyti hefur náð að skipa allar sínar nefndir sem eru starfandi í samræmi við 15. gr. jafnréttis laga. Velferðarráðuneytið kemst næst því en þar eru 85% nefnda skiparar í samræmi við umrædda grein. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið rekur lestina með eingöngu helming nefnda sinna skipaða í samræmi við 15. greinina.

**Tafla 4: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2015**

Ráðuneyti	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneyti	20	9	29	69%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	76	35	111	68%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	37	16	55	67%
Innanríkisráðuneyti	55	30	85	65%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	115	85	200	58%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	27	25	52	52%
Utanríkisráðuneyti	7	2	9	74%
Velferðarráðuneyti	123	21	144	85%
<b>Samtals</b>	<b>460</b>	<b>223</b>	<b>685</b>	<b>67%</b>

## Rýnt í nefndir frá 2008-2015

Eftir lagabreytinguna 2008 hóf Jafnréttisstofa að óska eftir sundurliðuðum gögnum frá ráðuneytunum svo hægt væri að rýna í skipan hverrar nefndar fyrir sig. Árið sem lögin gengu í gildi voru 43% nefnda sem störfuðu á vegum stjórnvalda skipaðar í samræmi við nýja 15. gr. laga. Á árunum sem nú eru liðin frá því að löggjöfin tók gildi hafa nefndirnar í auknum mæli verið skipaðar í samræmi við 15. gr. laga. Er hlutfall nefnda sem eru skipaðar í samræmi nú komið upp í 67% og stendur í stað milli ára.

**Tafla 5: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008**

Ár	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	177	233	410	43%
2009	371	384	755	49%
2010	374	373	747	50%
2011	385	279	664	58%
2012	389	273	667	58%
2013	438	234	677	65%
2014	450	229	676	67%
2015	460	223	685	67%

Ef litið er til skipana á hverju starfsári kemur önnur mynd í ljós. Í töflu 6 má sjá að 71% nefnda sem skipaðar voru á vegum ráðuneytanna á fyrsta ári kynjakvótans voru rétt skipaðar og er afar líklegt að meðvitund um nýja löggjöf hafi skilað þessum árangri. Árin á eftir voru sveiflur í tölunum og ekki sú jafna þróun sem við sjáum í töflu 5. Nú, árið 2015, stendur hlutfallið í 67% og sem er bakslag og mikil breyting frá því í fyrra þegar 76% nefnda voru rétt skipaðar og var það besti árangur hingað til.

**Tafla 6: Skipanir á starfsári samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008**

Ár	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	64	26	90	71%
2009	152	80	232	66%
2010	109	55	164	66%
2011	123	46	169	73%
2012	100	48	148	68%
2013	171	59	230	74%
2014	146	45	191	76%
2015	128	82	210	67%



Eins og fram kom áðan voru 44 nefndir hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu ekki skipaðar í samræmi við umrædda 15. gr. jafnréttis laga. Það er rúmur helmingur þeirra nefnda sem hér um ræðir. Til gamans má nefna að ef þær væru skipaðar í samræmi við umrædda 15. grein næði hlutfallið upp í 83% svo það er til mikils að vinna með því að endurskoða hvernig skipað er í starfsgreinaráð, sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. En undirbúningur að þeirri vinnu er þegar hafin í ráðuneytinu.

Á þessum tölum má sjá að enn er þörf á umræðu um mikilvægi þess að skipa bæði konur og karla í nefndir ráðuneytanna. Verklag ráðuneytanna er skýrt en er ennþá að festa sig í sessi. Mikilvægt er að rifja það upp reglulega og gæta þess að allir starfsmenn og aðrir sem tilnefna og skipa í nefndir séu vel upplýstir um löggjöfina og verklagið.

## **Samanburður 2012-2015:**

Í þessum kafla verður litið sérstaklega á þróun kynjahlutfalla í nefndum á tímabilinu 2012-2015. Árið 2012 urðu breytingar á skipan ráðuneyta; nöfnum ráðuneyta var breytt, málaflokkar færðir til og sameinaðir öðrum auk þess sem þeim fækkaði úr 10 í 8. Af þessum ástæðum er lína dregin í samanburðinum árið 2012.

Á heildina litið eru kynjahlutföllin í nefndarstarfi ráðuneytanna mjög góð. Þegar rýnt er í töflu 6 sést þó að ráðuneytin standa sig misvel. Eftir sameiningu ráðuneytanna 2012 var hlutfall kynjanna í nefndum ráðuneytanna í ágætu jafnvægi en eingöngu tvö ráðuneyti náðu ekki 40% viðmiðinu en hlutur kvenna var þá 39% svo það má segja að einungis hafi vantað herslumuninn. Árið 2013 náðu öll ráðuneytin 40% viðmiðinu í meðaltali sínu og hafa haldið því.

**Tafla 6: Hlutfall í nefndum 2012-2015**

Ráðuneyti	2012		2013		2014		2015	
	Hlutfall kvk	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Hlutfall kk	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneyti	46%	54%	41%	59%	41%	59%	44%	56%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	39%	61%	43%	57%	43%	57%	42%	58%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	42%	58%	40%	60%	45%	55%	42%	58%
Innanríkisráðuneyti	39%	61%	41%	59%	43%	57%	41%	59%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	43%	57%	43%	57%	44%	56%	43%	57%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	43%	57%	42%	58%	46%	54%	45%	55%
Utanríkisráðuneyti	42%	58%	42%	58%	49%	51%	46%	54%
Velferðarráðuneyti	52%	48%	51%	49%	53%	47%	53%	47%
<b>Samtals</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>45%</b>	<b>55%</b>

Á tímabilinu verða ekki miklar breytingar á heildarhlutföllum þó sveiflurnar milli starfsára hjá ráðuneytunum séu meiri. Þegar nýskipanir á starfsárunum 2012 til 2015 eru skoðaðar kemur önnur mynd í ljós.

Í töflu 7 sést að árið 2012 var eingöngu eitt ráðuneyti sem ekki náði 40% viðmiðunarmarkinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Árið 2013 náðu öll ráðuneytin viðmiðunarmarkinu og halda því árið 2014. Það er því leitt að sjá að árið 2015 missa tvö ráðuneyti hlut kvenna aftur niður fyrir 40% en það gerðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þetta bakslag hefur áhrif á heildarmeðaltalið en það lækkar milli ára í fyrsta skiptið.

**Tafla 7: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárunum 2012-2015**

Ráðuneyti	2012		2013		2014		2015	
	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneyti	53%	47%	44%	56%	45%	55%	43%	57%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	39%	61%	43%	57%	48%	52%	39%	61%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	43%	57%	43%	57%	46%	54%	48%	52%
Innanríkisráðuneyti	42%	58%	46%	54%	41%	59%	55%	45%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	51%	49%	52%	48%	49%	51%	35%	65%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	45%	55%	43%	57%	53%	47%	46%	54%
Utanríkisráðuneyti	50%	50%	50%	50%	44%	56%	0%	0%
Velferðarráðuneyti	52%	48%	53%	47%	53%	47%	51%	49%
<b>Samtals</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>	<b>43%</b>	<b>57%</b>

Í Skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2014 kom fram að það væri mat Jafnréttisstofu að „nokkurt jafnvægi virðist vera komið í nefndaskipanir ráðuneytanna og telur Jafnréttisstofa ólíklegt að hlutur annars kynsins fari aftur niður fyrir 40% viðmiðunarmarkmiðið.“ Það mat hefur verið rangt sem sýnir hversu viðkvæmur þessi málaflokkur er og hversu mikilvægt er að halda umræðunni ávallt vakandi. Jafnréttisstofa kemur áfram til með að vinna að þessu verkefni með ráðuneytunum en mikilvægt er að halda í það verklag sem ráðuneytin hafa tileinkað sér og rifja það upp með reglulegu millibili.

## Niðurstöður:

Eins og síðustu ár má lesa úr greinargerðum ráðuneytanna að mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja jafnt kynjahlutfall í nefndum og unnið er að því að fylgja þeirri reglu sem 15. gr. jafnréttislaga kveður á um. Flest ráðuneytin hafa skýrt verklag þar sem óskað er eftir því við tilnefningaraðila að tilnefna bæði karl og konu svo hægt sé að skipa nefndina í samræmi við 15 gr. laga nr. 10/2008. Ráðuneytisstjórar komu sér saman um samræmt orðalag í slíkum bréfum og er það birt í *Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins*. Sum ráðuneyti ganga lengra og endursenda þau tilnefningabréf þar sem ekki eru tilnefnd bæði karl og kona og tilnefningaraðili beðinn um að tilnefna aftur eða gera grein fyrir ástæðum þess að ekki sé tilnefnt eins og óskað var eftir. Með þeim hætti er hægt að meta hvort hlutlægar ástæður liggja að baki tilnefningunni. Ef svo er, er hægt að nýta undanþáguheimildina. Þetta verklag er það sem Jafnréttisstofa mælir með og óskar eftir að ráðuneyti styðjist við.

Jafnréttisstofa áréttar að meginreglan í 1. mgr. 15. gr. er alveg skýr og að undanþáguheimildina í 2. mgr., sbr. 3. mgr. beri að skýra þröngt. Ýmsar ástæður geta talist hlutlægar og málefnalegar þegar kemur að undanþáguheimildinni. Jafnréttisstofa hefur tekið til greina þætti eins og reynslu og sérþekkingu starfsfólks. Aðrar ástæður svo sem að tilnefningaraðili vilji ekki tilefna nema einn eru ekki hlutlægar ástæður sem falla undir undanþáguheimildina. Mikilvægt er að skoða hverja tilnefningu fyrir sig og ganga úr skugga um að fullreynt sé að skipa í nefndina í samræmi við umrædda 15. grein áður en nefnd er skipuð án þessa að uppfylla kynjakvótann.

Eins og fram kom hér að ofan eru til nefndir sem skipaðar eru á grundvelli laga sem tilgreina ákveðna embættismenn sem eiga að taka sæti í nefndinni og einnig eru til reglugerðir sem kveða á um kröfur til nefndarmanna sem taka sæti í ákveðnum nefndum. Slíkar nefndir rúmast undir undanþáguákvæði 15. gr. en spurning er hvort raunverulega sé þörf á að hafa slík skilyrði í löggjöf. Með aukinni sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum og breyttri stofnanauppbyggingu verður væntanlega ekki þörf á þessari áherslu á yfirmenn stofnana í lögum. Varðandi kröfur í reglugerðum er einnig mikilvægt að skoða hvort kröfurnar séu of þröngar og útiloki þátttöku annars kynsins þess vegna.

Jafnréttisstofa brýnir fyrir öllum ráðuneytum að tilnefna og skipa í nefndir í samræmi við ákvæði 15. gr. jafnréttislaga og vinna þannig í samræmi við markmið jafnréttislaga um „að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins“, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Það er þó ljóst að vinna þarf á fleiri vígstöðvum til að tryggja þátttöku beggja kynja í nefndastarfi á vegum ráðuneytanna. Verulegu máli skiptir að þeir sem óska eftir tilnefningum og raða í nefndir innan stjórnsýslunnar séu meðvitaðir um markmið jafnréttislaga. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna gegna hér einnig lykilhlutverki við að halda uppi umræðu og minna á mikilvægi þess að konur og karlar starfi saman í nefndum og ráðum ríkisins. Jafnréttisfulltrúar hafa valið skipanir í nefndir og ráð sem þema starfsársins 2016 enda þörf á áframhaldandi vinnu að því að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum ráðuneytanna.